

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hulda Guðrún Geirsdóttir
söngkona
og
Hólmfríður Sigurðardóttir
píanóleikari



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 24. ágúst 1993 kl 20:30

Hulda Guðrún Geirsdóttir lauk námi frá píanó- og söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1989, þar sem hún nam söng hjá Elísabetu Erlingsdóttur. Sumarið 1992 útskrifaðist hún frá framhaldsdeild Richard-Strauss-Konservatorium í München, en aðalkennari hennar þar var Ursula Hirschberger. Hún hefur haldið fjölda einsöngstónleika hér heima og í Þýskalandi og meðal annars komið fram sem einsöngvari í óperunni Carmina Burana eftir Carl Orff.

Hólmfríður Sigurðardóttir hóf píanónám sitt 7 ára gömul í Tónlistarskólanum á Ísafirði og var Ragnar H. Ragnar aðalkennari hennar. Framhaldsnám stundaði hún í Tónlistarháskólanum í München og þaðan lauk hún einleikara- og kennaraprófi árið 1980. Hólmfríður starfar sem undirleikari við Söngskólann í Reykjavík.

Efnisskrá

Gabriel Fauré	Les Berceaux Toujours
Richard Strauss	Wir beide wollen springen Wie sollten wir geheim sie halten
Sergey Rachmaninov	Draumurinn Ég bíð þín
Leonard Bernstein	„I Hate Music“ Fimm barnalög
Giacomo Puccini	„Signore ascolta“ Aría Líú úr óperunni „Turandot“
Charles François Gounod	„Air des bijoux“ Aría Margarethe úr óperunni „Faust“
Antonin Dvořak	„Měsíčku na nebi hlubokém“ Aría Rúsólku úr óperunni „Rúsalka“
Franz Lehár	„Meine Lippen sie küssen so heiß“ Söngur Giuditta úr óperunni „Giuditta“

Vöggurnar

Les Berceaux

Við hafnarbakkann liggja stóru skipin,
sem aldan ruggar hljóðlega;
þau láta sig engu skipta vöggurnar
sem vaggað er af konuhöndum.

En kveðjudagurinn mun renna upp,
því að konur hljóta að gráta,
og fróðleiksfúsir menn hljóta að stefna
á sjóndeildarhringinn sem laðar þá!

Og þann dag, þegar stóru skipin
sigla úr höfn, sem smækkar æ meir,
finna þau að römm taug dregur þau
til sálarinnar í fjarlægum vöggum.

Sully Prudhomme

Að eilífu

Toujours

Þú biður mig um að þegja,
að flýja langt í burt frá þér að eilífu,
og að fara burtu aleinn
án þess að muna hverja ég elska!

Bið þú heldur stjörnur
að þær hrapi út í ómælisgeim,
og nóttina að hún kasti blæju sinni,
daginn að hann glati ljóma sínum!

Bið þú úthafið breiða
að það þurrki upp völdugar öldur sínar,
og þegar vindarnir æða, að það
sefi þunglyndileg andvörp sín!

En væntu þess ekki að sál mín
slíti sig frá biturri sorg sinni,
og varpi af sér brennandi ástríðu
eins og vorið fellir blóm sín.

Charles Grandmougin

Við ætlum bæði að hoppa af kæti
Wir beide wollen springen

Vindur þaut yfir víðfeðmt landið,
þrýsti munni að munni, blés hönd í hönd,
og ómaði eins og söngur.
Hann feykta okkur tveimur saman,
og þótt hann hafi nú alveg staðnæmt,
þá ætlum við bæði að hoppa af kæti.

Otto Julius Bierbaum

„Hvernig ættum við að halda leyndri“
„Wie sollten wir geheim sie halten“

Hvernig ættum við að halda leyndri
sælunni sem gagntekur okkur?
Nei, leyfum öllum að horfa
inn í dýpstu fylgsni hjartna okkar!

Þegar tvö hafa fundið hvort annað í ást
líður fögnuður gegnum alla náttúruna,
á löngum unaðarfullum stundum
breiðist dagurinn yfir skóg og engi.

Jafnvel upp af feysknum stofni eikarinnar,
sem hefur hjarað í þúsund ár,
stígur grænn eldur nýrrar trjákrónu
og þýtur skjálíandi af æskuprá.

Blómknapparnir opnast til að ljóma og ilma
ennþá meir vegna hamingju elskendanna,
og lækirnir niða ennþá ljúflegar
og maímánuður blómgast og ljómar enn fegur.

Hvernig ættum við að halda leyndri
sælunni sem gagntekur okkur?
Nei, leyfum öllum að horfa
inn í dýpstu fylgsni hjartna okkar!

A. Fr. Graf von Schack

Draumurinn

Ég átti einnig heimahaga
hve fagrir þeir eru!
Þar bærðist grenið yfir mér...!
En þetta var aðeins draumur...
Vinafjölskyldur bjuggu þar
ég var umvafinn ástarorðum...
En þetta var aðeins draumur!

Plescheheyes

Ægir P. Ellertsson þýddi úr þýsku

Ég bið þín

Ég bið þín!
Sólarlagið er hjá
og hjúpur næturinnar
er þegar kominn
til að hylja okkur.

Ég bið þín!
Angandi nóttin róaði
sofnaða jörðina
og aðskildi endanlega
frá henni liðinn dag.

Ég bið þín!
Ólgandi og elskandi tel ég sérhvert andartak.
Ég er fullur af þrá og eirðarleysi.
Ég bið þín!

M. Davidobjoj

Ægir P. Ellertsson þýddi úr þýsku

Ég þoli ekki tónlist! - I Hate Music!
Flokkur af fimm krakkaögum fyrir sópran

1. Ég heiti Barbara My Name Is Barbara

Mamma segir að litlu börnin komi í flöskum,
en í síðustu viku sagði hún að þau
yxu á sérstökum barnarunnum.
Ég trúi ekki á storkana heldur!
Þeir hafa allir nóg að gera í dýragarðinum
að sjá um sín börn!
Og hvað ætti svo sem barnarunni að vera?
Ég heiti Barbara.

**2. Júpíter hefur sjö tungl
Jupiter Has Seven Moons**

Júpíter hefur sjö tungl eða eru það nú?
Satúrnus hefur milljón billjón trilljón
sextíu og níu;
hvert þeirra er lítil sól, með sex
lítil tungl kringum sig!
En við höfum bara eitt!
Hugsaðu þér bara hvað væri gaman
ef það væru níu!
Þá gætum við verið nú sinnum rómantískari!
Hundarnir mundu spangóla sig bandbrjálada!
Það væru níuföld flóð og fjara á Atlantshafi!
Karlínn í tunglinu væri ofsastór!
En við höfum bara eitt! Bara eitt!

3. Ég þoli ekki tónlist! I Hate Music!

Ég þoli ekki tónlist!
En mér finnst gaman að syngja:
la dí da da dí; la dí da dí.
En það er ekki tónlist, ekki það
sem ég kalla tónlist. Ónei.
Tónlist er fullt af mönnum í fullt af kjólfötum,
sem gera fullt af hávaða eins
og fullt af kerlingum;
tónlist er fullt af fólki í stórum dimmum sal,
þar sem það langar í rauninni
alls ekki til að vera;
með fullt af stólum, og fullt af merkilegheitum,
og fullt af loðfeldum og demöntum!
Tónlist er asnaleg! Ég þoli ekki tónlist!
En mér finnst gaman að syngja: la dí da da dí
la dí da dí; la dí da dí.

**4. Stór indíáni og lítill indíáni
A Big Indian and a Little Indian**

Stór indíáni og lítill indíáni
voru að ganga eftir götunni.
Litli indíáninn var sonur stóra indíánans,
en stóri indíáninn var ekki
pabbi litla indíánans:
Sko, gátan er, ef litli indíáninn var
sonur stóra indíánans, en stóri indíáninn var
ekki pabbi litla indíánans, hver var hann þá? -
Ég gef þér tvo takta:

Mamma hans!

**5. Ég er líka manneskja
I'm a Person Too**

Ég var rétt að komast að því í dag að ég er
líka manneskja eins og þið!
mér finnst gaman að blöðrum; fullt af fólki finnst
gaman að blöðrum:
En allir segja: „Er hún ekki sæt?
Henni finnst gaman að blöðrum!“
Ég er líka manneskja eins og þið!
Mér finnst gaman að
sömu hlutum og öllum öðrum:
Mjúkum hlutum og bíómyndum og hestum
og hlýjum hlutum og rauðum hlutum:
finnst ykkur það ekki líka?
Ég hugsa heilmikið; eins og hvað
er á bak við himininn;
og hvað er á bak við það sem er
á bak við himininn:
En allir segja: „Er hún ekki indæl?
Hún vill vita allt!“ Viljið þið það ekki líka?
Auðvitað er ég ósköp ung til að vera
að segja þetta allt
fyrir framan svona margt fólk eins og ykkur:
En ég er líka manneskja! Þótt ég sé
bara tíu ára gömul;
ég er líka manneskja eins og þið!
Leonard Bernstein